

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 40/1994.

Valdimar Elíasson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Einar Magnússon og

Þórir Magnússon

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

Víxilmál. Aðild. Greiðslustaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Björn P. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandinn Valdimar Elíasson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1994 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendurnir Einar og Þórir Magnússynir skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1994 og krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandinn Einar Magnússon hefur auk þess uppi þá varakröfu, að hann verði dæmdur til að greiða 2.791.292,26 kr. með dráttarvöxtum frá 26. október 1993 og að málskostnaður falli þá niður.

Stefndi gerir þær kröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Allir áfrýjendur krefjast sýknu á grundvelli aðildarskorts með sömu rökum og greind eru í héraðsdómi. Ekki verður talið, að útibú Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði geti verið aðili dómsmáls í skilningi 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi galli á málalíbúnaði varðar þó ekki frávísun málsins eða sýknu vegna aðildarskorts. Varnaraðili máls þessa telst því Íslandsbanki hf.

II.

Aðilar eru sammála um, að víxilskjal það, sem um er deilt í málinu, hafi verið afhent útibúi Iðnaðarbanka Íslands hf., Strandgötu 1, Hafnarfirði, til tryggingar greiðslu á yfirdrætti á tékkareikningi áfrýjandans Einars Magnússonar. Aðalefni yfirlýsingar, sem allir áfrýjendur undirrituðu og afhentu bankanum með víxilskjalinu, er rakið í héraðsdómi.

Ágreiningur er um, hversu víðtækt umboð bankanum var fengið með fyrrnefndri yfirlýsingu. Áfrýjendur halda því fram, að hana beri að skýra svo, að með henni hafi bankinn einungis fengið umboð til þess að gera skjalið að sýningarvíxli, og hafi hann því ekki haft heimild gagnvart áfrýjendum til þess að setja ákveðinn gjalddaga á víxilinn. Mótbárur um efni umboðs, sem bankinn fékk með yfirlýsingunni, eru ekki meðal varna þeirra, sem heimilaðar eru í 118. gr. laga nr. 91/1991. Komast mótbárunar því ekki að í málinu, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla þeirra laga.

Tryggingarvíxillinn var stimplaður á útgáfudegi eftir reglum um stimpilgjald. Ekkert bendir til annars en gjalddagi og víxilfjárhæð hafi verið skráð á víxilinn, um leið og hann var gefinn út. Eiga ákvæði 10. gr. víxillaga nr. 93/1933 því ekki við í málinu. Samkvæmt meginreglum víxilréttar hafði bankinn umboð til að rita gjalddaga á víxilskjalið og fylla það út að öðru leyti og gera það þannig að fullgildum víxli í merkingu 1. og 2. gr. laga nr. 93/1933.

III.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, voru fjórir nánar tilgreindir viðskiptabankar, þeirra á meðal Iðnaðarbanki Íslands hf., sameinaðir 2. janúar 1990 í einn banka, Íslandsbanka hf. Þess er og getið í héraðsdómi, að eftir sameininguna færðist greiðslustaður eldri skuldskjala bankanna sjálfkrafa í Íslandsbanka hf. Með afhendingu víxil-eyðublaðs, sem ekki var ritað að fullu, tóku áfrýjendur á sig fjárskuldbindingu gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. Við sameiningu bankanna fjögurra tók stefndi við réttindum þeirra og skyldum. Öðlaðist stefndi þar með rétt Iðnaðarbanka Íslands hf. til að ljúka útfyllingu víxileyðublaðsins. Verður sú krafa ekki gerð til stefnda, að hann færi þess á leit, að áfrýjendur endurnýjuðu skuldbindingu sína á eyðublað Íslandsbanka hf. gegn afhendingu eldra skjalsins.

Hinn umdeildi tryggingarvísill er prentaður á eyðublaðsform Iðnaðarbankans, og greiðslustaður er tilgreindur Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði. Hann var til húsa á Strandgötu 1, þar sem útibú stefnda hefur verið, frá því að bankarnir voru sameinaðir. Geta áfrýjendur því ekki haft uppi mótbáur við breyttum greiðslustað.

IV.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara um, að stefndi hafi ekki glatað vixil- eða fullnusturétti sínum á hendur áfrýjendum vegna atvika, er varða annars vegar skyldu til að sýna vixilinn samkvæmt 1. mgr. 38. gr., sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 93/1933, eða hins vegar tilkynningarskyldu eftir 45. gr. sömu laga.

V.

Eftir því sem best verður séð, styðst varakrafa áfrýjandans Einars Magnússonar um lækun höfuðstóls kröfufjárhæðar við þau rök, að starfsmenn stefnda hafi ritað hærri fjárhæð á vixilinn en heimilt var gagnvart áfrýjendum. Vörn þessi varðar gildissvið útfyllingarumboðs stefnda, og kemst hún því ekki að í vixilmáli af sömu ástæðum og greinir í II. kafla hér að framan.

Ekki eru rök til að taka til greina þá varakröfu áfrýjandans Einars, að dráttarvextir reiknist frá þingfestingu málsins í héraði 26. október 1993.

VI.

Um fjárhæð dómkröfu má að öðru leyti vísa til forsendna hins áfrýjaða dóms. Héraðsdómi hefur ekki verið gagnáfrýjað, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um upphafstíma dráttarvaxta.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Valdimar Elíasson, Einar Magnússon og Þórir

Magnússon, greiði stefnda, Íslandsbanka hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 19. janúar 1994.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar sl., var höfðað með stefnu, út gefinni 28. september sl.

Stefnandi er Íslandsbanki hf., útibú í Hafnarfirði, Strandgötu 1, kt. 411289-4179.

Stefndu eru Einar Magnússon, kt. 110836-3419, Torfufelli 25, Reykjavík, Valdimar Elíasson, kt. 230249-2109, Starrhólma 18, Kópavogi, og Þórir Magnússon, kt. 200544-4209, Engihjalla 25, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skuldar, að fjárhæð 2.869.020 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 30. 4. 1993 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda Þóris eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Einars eru aðallega þær, að hann verði sýknaður, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu 2.791.292,26 kr. með dráttarvöxtum frá 26. október 1993 skv. ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987. Í aðalkröfu er krafist málskostnaðar og virðisaukaskatts, en í varakröfu, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Dómkröfur stefnda Valdimars eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda auk virðisaukaskatts.

2. Hin umstefnda skuld er samkvæmt víxli, að fjárhæð 2.870.713 kr., út gefnum 22. 3. 1993 af stefnda Valdimar, samþykktum af stefnda Einari, til greiðslu 1. 4. 1993 í Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, nú Íslandsbanka hf., og ábektum af útgefanda Valdimar og stefnda Þóri. Vixillinn var áritaður við nafn útgefanda: „Án afsagnar“. Stefnandi kveður vixilinn ekki hafa verið greiddan á gjalddaga, en greitt hafi verið inn á hann 39.787,14 kr. 30. 4. 1993. Stefnandi sundurliðar stefnukröfur því þannig:

| | | |
|-------------------------|-----|--------------|
| Höfuðstóll | kr. | 2.870.713,00 |
| Drv. 1/4 '93 - 30/4 '93 | - | 38.157,00 |
| | kr. | 2.908.807,00 |
| Innborgað 30/4 '93 | - | 39.787,14 |
| | Kr. | 2.869.020,00 |

Í þessari sundurliðun hefur stefnanda reyndar orðið á samlagningar-skekkja, og er rétt sundurliðun þannig:

| | | |
|----------------------------------|-----|------------------|
| Höfuðstóll | kr. | 2.870.713,00 |
| Dráttarvextir 1/4 '93 - 30/4 '93 | - | 38.157,00 |
| | kr. | 2.908.807,00 (?) |
| Innborgað 30/4 '93 | - | 39.787,00 |
| | Kr. | 2.869.083,00 |

Albert Sveinsson, útibússtjóri stefnanda í Hafnarfirði, kom fyrir dóm. Hann kvað „víxillinn“ hafa verið lagðan inn sem tryggingu fyrir yfirdrætti á tékkareikningi nr. 1506 hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. í Hafnarfirði, áður en Íslandsbanki hf. tók til starfa. Þá hefur komið fram í málinu, að við afhendingu „víxilsins“ til bankans hafi hann verið óútfylltur að öðru leyti en því, að stefndu höfðu ritað nöfn sín á hann. Útgáfudagur, gjalddagi og fjárhæð voru skráð 22. mars 1993, og var það gert í samræmi við eftirfarandi yfirlýsingu stefndu:

„Víxill þessi er óútfylltur (in blanco) að því er varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð. Víxillinn er afhentur bankanum til tryggingar lánaviðskiptum okkar við bankann, sem er yfirdráttarheimild á tékkareikningi nr. (10) 1506 og um er samið sérstaklega hverju sinni og getur bankinn, hvenær sem hann sér ástæðu til, sett útgáfudag og fjárhæð á víxillinn, sýnt hann til greiðslu og innheimt hann á venjulegan hátt, ef greiðslufall verður. Víxil-fjárhæðin, sem færð yrði á víxillinn, má ekki varða önnur viðskipti mín í bankanum en tilgreind eru í yfirlýsingu þessari, auk alls kostnaðar og vaxta af sömu ástæðum.“

Að sögn stefnanda var send greiðslutilkynning í samræmi við reglur bankans. Tilkynnt hafi verið um gjalddaga, greiðslustað og fjárhæð.

3. Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1933, og um réttarfar vísar hann til 17. kafla laga nr. 91/1991. Dráttarvaxtakröfuna styður stefnandi við III. kafla laga nr. 25/1987 og málskostnaðarkröfu við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, beri honum nauðsyn að fá dóm fyrir skattinum, og vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 í því sambandi.

Málsástæður stefnda Þóris eru tvær. Annars vegar heldur hann því fram, að um aðildarskort sóknar megin sé að ræða. Lögpersónan Íslandsbanki hf. er aðeins ein og ber kennitaluna 411289-5069 og hefur aðsetur í Kringlunni 7, Reykjavík. Útibúinu í Hafnarfirði er óheimilt að standa eitt að málsókninni, og beri því að sýkna vegna aðildarskorts.

Hins vegar er málsástæða stefnda sú, að sýkna beri, þar sem greiðslustað-

ur víxilsins er Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, en ekki Íslandsbanki hf. Er víxileyðublaðið varð víxill að lögum, var Iðnaðarbanki Íslands ekki til. Skv. 5. tl. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 skal greina greiðslustað víxils. Skjalið hefur því ekki víxilgildi, sbr. 1. mgr. 2. gr. s. 1., og þar sem greiðslustaður hins umstefnda víxils var svo óljós, bar skv. 3. mgr. 2. gr. víxillaga að líta svo á, að greiðslustaður hans hafi verið á heimili samþykkjanda. Hefði því átt að sýna hann þar, en ekki í Íslandsbanka hf. Víxillinn var því ekki sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr. víxillaga. Víxilréttur sé því niður fallinn fyrir vangeymslu skv. 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr. og 1. mgr. 38. gr. víxillaga. Skv. 1. mgr. 45. gr. laganna bar stefnanda að tilkynna stefnda um greiðslufall. Áritunin „Án afsagnar“ breyti engu hér um, sbr. 2. mgr. 46. gr. s. 1.

Aðalkrafa stefnda Einars er studd sömu málsástæðu og sýknukrafa stefnda Þóris. Varakrafa Einars er reist á því, að stefnandi hafi fyllt fjárhæð víxilsins ranglega út. Stefnandi hafi keypt víxilinn óumbeðið, sbr. fram lagða kaupnótu, og lagt andvirði hans að frádregnum forvöxtum og kostnaði inn á tékkareikning stefnda nr. 1506. Reikningi þessum hafi verið lokað 15. mars 1993, en stefnandi hafi þá tekið út af honum 39.787,14 kr. til lækkunar víxilsins.

Varakrafan er reist á því, að kröfugerð stefnanda sé of há um 328.387,90 kr., sem sundurliðast þannig: Mismunur á 2.869.020 kr. og 2.791.292,26 kr. er 77.727,74 kr., dráttarvaxtamunur frá 30/4 1993 til 16/11 1993 250.660,16 kr., þegar annars vegar eru reiknaðir dráttarvextir af 2.869.020 kr. frá 30/4 1993 til 16/11 1993, 282.837,55 kr., og hins vegar, þegar dráttarvextir eru reiknaðir af 2.791.292,26 kr. frá 26/10 1993 til 16/11 1993, 32.177,39 kr.

Við útfyllingu víxilfjárhæðar hefði átt að gæta þess, að hún væri rétt og sem virðist hafa átt að vera 2.791.292,26 kr., þ. e. 2.870.713 kr. – 39.633,60 kr., sem eru forvextir og bankakostnaður, er bankanum var óheimilt að taka sér, – 39.787,14 kr., sem var inneign á reikningi stefnda nr. 1506 hjá stefnanda. Vegna meðferðar stefnanda á víxlinum, þ. e., að sýning hans fór ekki fram lögum samkvæmt, ber stefnda aðeins að greiða dráttarvexti frá 26. október 1993, frá þeim tíma að víxillinn var sýndur í rétti við þingfestingu málsins.

Málsástæður stefnda Valdimars eru hinar sömu og málsástæður Einars. Auk þess byggir stefndi Valdimar sjálfstætt á því, að lagaskilyrðum sé ekki fullnægt, að því er varðar sýningu og tilkynningarskyldu, og beri því að sýkna af þeirri ástæðu. Skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 hefði átt að sýna víxilinn til greiðslu á heimili samþykkjanda, en ekki í svokölluðu útibúi Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði.

4. Stefndandi styður mál sitt víxli, sem hann hefur löglega undir höndum og fullnægir formaskilyrðum víxillaga nr. 93/1933.

Fram hefur komið í málinu, að víxillinn var til reiðu hjá stefnanda á gjalddaga, og hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Stefndu reisa málsvörn sína m. a. á því, að víxillinn hafi verið vistaður í Iðnaðarbanka Íslands hf., sem hafi ekki verið til, þegar víxillinn var gefinn út. Er stefndandi fyllti víxileyðublaðið út og víxillinn fullnægði fyrst formaskilyrðum laga, var búið að leggja niður Iðnaðarbanka Íslands hf. Því hafi borið að sýna víxilinn á heimili samþykjanda, en ekki í Íslandsbanka hf., Hafnarfirði.

Í 50. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka er að finna fyrirmæli um samruna hlutafélagabanka og sameiningu bankastarfsemi. Segir svo í 1. mgr., að við gildistöku sameiningar bankastarfsemi taki hinn sameinaði viðskiptabanki við allri starfsemi, réttindum og skyldum þess viðskiptabanka, sem hætti bankastarfsemi.

Þá segir í 3. mgr., að auglýsa skuli sameiningu viðskiptabanka í Lögbertingablaði og greina þar ýmis nánar tilgreind atriði, s. s., hvenær sameining taki gildi, og hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala.

Slík auglýsing um starfsleyfi Íslandsbanka hf. birtist í 8. tbl. Lögbertingablaðsins 19. janúar 1990. Var öllum þeim, er töldu til eignar eða skuldar hjá Alþýðubankanum hf., Iðnaðarbankanum hf., Útvegsbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf., tilkynnt, að viðskiptaráðuneytið hefði með leyfisbréfi, dags. 2. janúar 1990, heimilað bönkum að sameina rekstur sinn í Íslandsbanka hf., sem tekið hefði við allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þessara banka henni tengdri frá og með 1. janúar 1990.

Fjórða málsgrein auglýsingarinnar hljóðar svo: „Greiðslustaður skuldaskjala, áður í þeim bönkum sem nú hafa sameinað bankarekstur sinn, er eftirleidis í Íslandsbanka hf.“

Gera má ráð fyrir, að mikill fjöldi skuldaskjala hafi verið vistaður hjá bönkunum fjórum, er Íslandsbanki hf. tók til starfa. Skuldaskjölín hafa væntanlega kveðið á um, að greiðslustaður þeirra væri í viðkomandi banka. Því er það tekið fram í auglýsingunni frá 3. janúar 1990, að greiðslustaður þessara skuldaskjala skuli framvegis vera hjá Íslandsbanka hf.

Auglýsingin þykir taka af öll tvímæli um, að greiðslustaður allra skuldaskjala, þ. m. t. víxilsins, sem deilt er um í þessu máli, hafi eftir sameiningu bankanna verið hjá Íslandsbanka hf. Enda þótt víxillinn hafi ekki orðið lögformlegur fyrr en í mars 1993, var þó um skuldaskjal að ræða í merkingu framangreindrar auglýsingar. Víxileyðublaðið var lagt inn hjá Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, og hélt starfsemi bankaútibúsins að Strand-

götu 1, Hafnarfirði, í óbreyttri mynd, en undir nýju nafni, þ. e. Íslandsbanka hf.

Víxillinn þykir því hafa verið sýndur til greiðslu á réttum greiðslustað á gjalddaga hans.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi sent stefndu tilkynningu um greiðslufall víxilsins. Því er mótmælt af stefndu. Það þykir þó ekki skipta máli, því að skv. 6. mgr. 45. gr. laga nr. 93/1933 glatar stefnandi ekki fullnusturétti sínum, þótt tilkynning hafi brugðist.

Þá reisa stefndu málsvörð sína á þeirri málsástæðu, að útibú Íslandsbanka hf. í Hafnarfirði sé ekki sjálfstæð lögpersóna og skorti því aðildarhæfi. Lögpersóna Íslandsbanka hf. sé aðeins ein skv. tilkynningu til Hlutfélagaskrár, og hafi sú lögpersóna aðeins eina kennitölu skv. vottorði Hagstofu Íslands.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Hlutfélagaskrár, þar sem fram kemur, að útibú Íslandsbanka hf. eru ekki sérstaklega tilgreind í stofngögnum, en í 2. gr. samþykktu félagsins er þó gert ráð fyrir tilvist þeirra. Þá hefur verið lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, þar sem fram kemur, að Íslandsbanki hf. hafi aðeins eina kennitölu, en að ósk félagsins hafi útibúum þess verið úthlutað sérstökum kennitölum. Jafnframt er tekið fram í vottorðinu, að útibúin séu ekki launagreiðendur, heldur sé það Íslandsbanki hf. (höfuðstöðvar), sem sé einn launagreiðandi félagsins.

Almennt er útibú hlutfélags skilgreint svo, að það teljist ekki sjálfstæð lögpersóna, heldur einungis hluti eða deild af fyrirtæki með sérstakri stjórn, sem geti skuldbundið félagið vegna starfsemi útibúsins. Samkvæmt fram lögðum gögnum hefur annað ekki verið leitt í ljós en að stefnandi, útibú Íslandsbanka hf., Hafnarfirði, falli undir þessa skilgreiningu. Ekki hefur verið upplýst í málinu, hvert valdsvið útibússtjóra stefnanda er eða í hvaða mæli honum er heimilt að skuldbinda bankann. Ætla verður þó, að þær heimildir taki til allra venjulegra viðskipta, sem í slíku útibúi fara fram.

Þótt stefnandi sé í raun aðeins hluti af lögpersónunni Íslandsbanka hf. og ekki sé beinlínis hægt að tala um, að stefnandi eigi réttindi og beri skyldur óháð lögpersónunni, þá ber á hinn bóginn til þess að líta, að stefnandi er í raun sérstök rekstrareining, sem fer í veigamiklum atriðum með eigin málafni, lýtur sérstakri stjórn, sem henni er sett af félaginu, og getur bundið félagið gagnvart þriðja manni í málum, sem eðli sínu samkvæmt falla undir verksvið eignarinnar.

Þá ber einnig að líta til þess, að hlutfélagið hefur látið skrá útibú sín sérstaklega hjá Hagstofu Íslands, þar sem þeim hefur hverjum um sig verið úthlutað sérstakri kennitölu.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að stefnandi fullnægi skilyrðum til að geta sótt sem aðili mál, er varða viðskipti, sem falla undir verksvið hans. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. og 4. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 þykja ekki vera þessari niðurstöðu til fyrirstöðu.

Stefnandi fyllti út víxillinn með heimild í 10. gr. laga nr. 93/1933 og skv. umboði stefndu. Víxillinn var fylltur út með fjárhæðinni 2.870.713 kr., og þeirri fjárhæð verða stefndu að standa skil. Varakrafa stefnda Einars verður því ekki tekin til greina.

Ekki þykir sannað í málinu, að stefndu hafi borist tilkynning um greiðslu víxilskuldarinnar fyrr en með bréfi stefnanda, dags. 18. maí 1993. Dráttarvextir verða því ekki dæmdir fyrr en frá og með 18. júní s. á., sbr. 9. gr. laga nr. 25/1987.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnanda 2.830.926 kr. (2.870.713–39.787) með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 18. júní 1993 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað án virðisaukaskatts.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Einar Magnússon, Valdimar Eliasson og Þórir Magnússon, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf., 2.830.926 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 18. júní 1993 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað.
